

Stúdentaráðsfundur			
Dags. fundar	Tími	Staður	Nr. fundar
08.04.21	17:00	Teams	12
Fundarboðandi	Fundarritari		Dags. rituð
Isabel Alejandra Diaz	Hjördís Sveinsdóttir		08.04.21

Fundaraðilar mættir

Félagsvísindasvið:

Erna Lea Bergsteinsdóttir, varafulltrúi fyrir Arnald Starra Stefánsson fyrir Röskvu

Lenya Rún Taha Karim fyrir Vöku

Vífill Harðarson fyrir Röskvu

Ingveldur Anna Sigurðardóttir, varafulltrúi fyrir Hólmfríði M. Böðvarsd. Howard fyrir Vöku

Heilbrigðisvísindasvið:

Brynhildur K Ásgeirsdóttir fyrir Röskvu

Salóme Sirapat Friðriksdóttir fyrir Röskvu

Ingi Pétursson fyrir Vöku

Hugvísindasvið:

Ingibjörg Iða Auðunardóttir fyrir Röskvu

Erlingur Sigvaldason fyrir Röskvu

Katla Ársælsdóttir fyrir Röskvu

Menntavísindasvið:

Gabríela Sól Magnúsdóttir fyrir Röskvu

Sóley Arna Friðriksdóttir fyrir Vöku

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Herdís Hanna Yngvadóttir fyrir Röskvu

Ástráður Stefánsson fyrir Röskvu

Haukur Friðiksson, varafulltrúi fyrir Urður Einarsdóttir fyrir Röskvu

Aðrir (án atkvæðisréttar):

Isabel Alejandra Diaz, forseti SHÍ

Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir, varaforseti SHÍ

Sara Þöll Finnbogadóttir, lánasjóðsfulltrúi SHÍ

Hjördís Sveinsdóttir, framkvæmdastýra SHÍ

Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri Happraættis Háskóla Íslands

Eyvindur G. Gunnarsson, prófessor við lagadeild HÍ og stjórnarformaður HHÍ

Einar Hermannsson, formaður SÁÁ

Páll Heiðar Jónsson, sálfræðingur

Henry Alexander Henrysson, heimspekingur og stjórnarmaður Siðfræðistofnunar HÍ

Sunna Siggeirsdóttir, MSc nemi í fíknifræði (e. Addiction Studies)
Alma Hafsteins, fíkní- og fjölskyldumarkþjálfari
Marcello Milanezi
Eva Lilja Rúnarsdóttir
Maggý Helga Jóhannsdóttir Möller
Ingvar Þóroddsson
Rebekka Karlsdóttir
Katrín Björk Kristjánsdóttir
Sigurður Ingi Sigurpálsson
Sigurður Karl Pétursson
Ingunn Rós Kristjánsdóttir
Anna María Björnsdóttir
Brynjólfur Skúlason
Inga Huld Ármann
Björgvin Viktor Færseth
Sunneva Sól Árnadóttir

Fundarmenn fjarverandi og án varamanns:

Félagsvísindasvið:

Heilbrigðisvísindasvið:

Margrét Lilja Aðalsteinsdóttir fyrir Röskvu

Hugvísindasvið:

Menntavísindasvið:

Magdalena Katrín Sveinsdóttir fyrir Röskvu

Verkfræði- og náttúruvísindasvið:

Fundardagskrá

Fundur Stúdentaráðs 8. apríl 2021 á Teams kl. 17:00

Agenda Student Council Meeting on April 8th 2021 on Teams at 17:00

1. Fundur settur 17:00

Meeting begins

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla) 17:00-17:05

Vote/approval on minutes from last meeting

3. Yfirferð frá skrifstofu Stúdentaráðs 17:05-17:15
Review from the Student Council's office
4. Hapdrætti Háskóla Íslands (Kynning og spurningar) 17:15-17:55
University of Iceland's Lottery
5. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (Kynning og spurningar) 17:55-18:35
National Center of Addiction Medicine
6. **Hlé 18:35-18:45**
Intermission
7. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands (Kynning og spurningar) 18:45 - 19:15
University of Iceland's Center for Ethics
8. Fjárhættuspil og fíkn (Kynning og spurningar) 19:15 - 19:45
Gambling and addiction
9. Samtök áhugafólks um spilafíkn (Kynning og spurningar) 19:45 - 20:15
Association of enthusiasts of gambling
10. **Hlé 20:15 - 20:30**
Intermission
11. Tillaga um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands 20:30 - 20:50
Proposal regarding the operation of slot machines by the University of Iceland
12. Önnur mál 20:50-21:00
Other issues
13. Fundi slitið 21:00
Meeting ends

1. Fundur settur

Meeting begins

- a. Fundur hefst kl. 17:04

2. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar (atkvæðagreiðsla)

Vote/approval on minutes from last meeting

- a. Fundargerð einróma samþykkt.

Gabríela Sól Magnúsdóttir kemur á fundinn.

3. Yfirferð frá skrifstofu Stúdentaráðs (Kynning)

Review from the Student Council's office

- a. Forseti Stúdentaráðs fer yfir aðdraganda þessa fundar. Í desember barst skrifstofunni ábending um umræðuna sem átti sér í samfélaginu um fjárhættuspil og spilafíkn í ljósi þess að HÍ kemur að rekstri spilakassa í gegnum HHÍ. Í kjölfarið óskaði skrifstofan eftir frekari útskýringu á afstöðu HÍ ásamt tölulegum gögnum til að geta kortlagt umfangið betur. Á síðasta Stúdentaráðsfundi var borin upp tillaga um að SHÍ beitti þrýstingi á stjórnendur skólans um að hætta rekstri spilakassa og að taka afstöðu til rekstursins. Mjög umfangsmikið mál sem þarf að vera vandlega unnið áður en ákvarðanir yrðu teknar. Það var mat stjórnar Stúdentaráðs á desemberfundi þess 2020 að bíða fregna áður en frekari skref yrðu tekin hjá Stúdentaráði. Það var einróma samþykkt að fresta tillögunni frá síðasta fundi og halda auka Stúdentaráðsfund til að fara yfir hana. Í gær barst Isabel skipunarbréf í starfshóp rektors um að fara yfir starfsemi HHÍ.
 - b. Isabel fer yfir framkvæmd fundar.
 - c. Ingveldur spyr hvaðan ábendingin um fjárhættuspil kom. Isabel svarar að það var blaðamaður sem hringdi í hana í desember.
4. Hapdrætti Háskóla Íslands (Kynning og spurningar)

University of Iceland's Lottery

- a. Bryndís Hrafnkelsdóttir forstjóri Hapdrættis Háskóla Íslands og Eyvindur G. Gunnarsson prófessor við Lagadeild HÍ og stjórnarformaður HHÍ fara með kynningu um starfsemi og málefni HHÍ. Þau gera grein fyrir stöðu og stefnu HHÍ. Sjá upptöku fyrir kynninguna.
- b. Spurningar.
- c. Isabel stingur upp á að mælendaskrá er opin út dagskrána. Atkvæðagreiðsla. Samþykkt.
- d. Ingi Pétursson spyr. Er einhver bygging sem var ekki fjármögnuð á HHÍ? Hver er skipting tekna sem HHÍ aflar, þ.e. hversu miklu skila hapdrættismiðar, skafmiðar, spilakassar, hvert er prósentuhlutfall?
 - i. Bryndís svarar að hún veit ekki um neina byggingu sem Háskólinn á sem hefur ekki verið fjármögnuð með hapdrættisfé. Hús Vigdísar átti að fjármagna með sjálfsaflafé en það varð ekki, þannig að Hapdrættið kom þar inn í. Með Háskólatorg komu Björgólfsfeðgar inn með einhvern ofsalega lítinn hluta. Þau hafa ekki gefið skiptinguna upp, en það er margspurt um hana. Frá því að Gullnáman kom til sögunnar til dagsins í dag, hefur þetta verið um 55-65%.
- e. Lenya spyr. Hversu mikið er HHÍ að greiða erlendum fyrirtækjum í leigu eða kaupum á tækjum?
 - i. Bryndís segir að þessar upplýsingar eru aðgengilegar á Alþingisvef. Eru að kaupa vélar á móti því að leigja þær. Um 500 milljónir. Eyvindur segir að þetta sé óhjákvæmilegt. Myndi kosta meira ef þau ættu að sinna þessu sjálf.

- f. Sóley Arna spyr. Er fordæmi fyrir þessu í öðrum löndum að happdrætti sé á flöggum háskóla?
- i. Eyvindur segist ekki muna eftir á vegum háskóla. Bryndís segir þetta vera einstakt í veröldinni að uppbygging háskóla sé fjármögnuð með happdrættisfé. Happdrætti eru samt oft notuð til að fjármagna menntun í einhverju formi, en ekki sem uppbygging eins og í þessu formi. Eyvindur segir að happdrætti séu oft notuð til að fjármagna almannajónustu og þess háttar, en misjafnt eftir löndum hvers konar.
- g. Ingveldur Anna spyr. Er tekin úttekt á þeim stöðum sem spilakassar eru, einhver úttekt á umboðsaðilum sem eru með spilakassa frá HHÍ.
- i. Bryndís segir að þau eru ekki með sjoppukassa. Einungis staðsettir á börum eða í spilasölum. Gera úttekt á staðnum, fyrst og fremst. Þeim ber að gera áreiðanleikakönnun. Hafa oft neitað vegna þess að þeim list ekki á aðilana. Lokuðu t.d. tveimur stöðum 2018 eða 19 vegna þess að þeim leist ekki á viðkomandi aðila.
- h. Sigurður Ingi spyr. Hefur reksturinn farið í kostnaðar- og ábatagreiningu varðandi þann skaða sem það er talið valda í spilafíkn og öðru? Og hvað er veltuhlutfallið vs. hagnaðarhlutfallið. Og staða fræðslumála í þessu, er það á ykkar könnu?
- i. Bryndís svarar nei við fyrstu spurningunni. Með hagnaðarhlutfallið þá hvetur hún okkur til að fara á vef alþingis og skoða þær tölur sem þar koma fram. Með fræðslu, partur af ábyrgri spilun er að vera upplýsandi um áhættuna. Halda úti vefsíðunni ábyrgspilun.is í samstarfi við Íslandsspil. Eru ekki með frekari fræslu. Eyvindur tekur þátt í rannsóknum. Á skjánum á vélunum er upplýsingagluggi. Eyvindur segir þau hafi mikinn áhuga á að auka þennan þátt og að þau hafi kallað eftir pólitískri forystu af hálfu dómsmálaráðuneytisins.
- i. Sunna Siggeirsdóttir spyr. Hafið þið kannað hversu hátt hlutfall af tekjum kemur frá fólki með spilavanda eða spilafíkn? Hvaða áhrif það hefur á spilahegðun að hafa spilakort? Hvort að stuðningur við rannsóknir skapi hagsmunaárekstra?
- i. Bryndís segir að svarið við fyrstu spurningunni er í rauninni nei. Ástæðan er að þau þekkja ekki þá sem eru að spila. Með innleiðingu á spilakorti, það leysir svo margt. Gerir það að verkum að þau vita frekar hverjir viðskiptavinirnir eru. Áhrif á spilahegðun af spilakorti, t.d. eins og Finnland, þeir gera ráð fyrir amk. 30% minnkun með innleiðingu á spilakorti. Í Noregi eru stífar reglur og mjög lág mörk á spilakortunum, en eru núna að dila við mikla aukningu í spilavanda. Þeir sem hafa þörfina til að spila fara á ólöglegar síður. Hagsmunatengsl, Bryndís svarar neitandi. Hafa aldrei reynt að hafa áhrif á rannsakendur.

- j. Sóley Arna spyr. Hvað með happdrættið og skafmiðana, eru þeir aðgengilegir í sjoppum og búðum?
 - i. Bryndís segir að þeir séu aðgengilegir í sjoppum og bensínstöðum og flokkahappdrættið 24/7 á netinu.

5. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (Kynning og spurningar)

National Center of Addiction Medicine

- a. Einar Hermannsson formaður SÁÁ fer yfir aðkomu og afstöðu SÁÁ og Páll Heiðar Jónsson sálfræðingur talar um fíkn í tengslum við fjárhættuspil. Sjá upptöku fyrir kynningar.
- b. Spurningar.
- c. Lenya Rún spyr. Eru til einhverjar rannsóknir til um að fólk með spilafíkn leiti annarsstaðar?
 - i. Páll svarar að hann hefur ekki rekist á þannig rannsóknir. Út frá því sem við vitum um fíkn er ekki sjálfgefið að fólk fari eitthvað annað.
- d. Vífill spyr. Þú nefndir að það væri algjört lágmark að það væru sett spilakort. Gætirðu útskýrt af hverju það er ekki nóg?
 - i. Páll svarar. Með spilakortunum ertu búinn að bæta inn enn einni hindrun til þess að komast í spil. Getur sett þér takmörk og getur látið útiloka þig frá spilastöðum. Með því að fjarlægja kassana úr nærumhverfi fólks þá minnka fíknivakarnir. Værum að gera fólki greiða með því að hafa þetta ekki þarna. Fyrir hverja væri það lífsgæðaskerðing að komast ekki í þessa kassa? Kortin myndu gera helling en hitt væri betra.
 - ii. Einar bætir við. Hann lagði upp með að fara í spilakortin, áður en þau tóku ákvörðun um að ganga út. Töluðu fyrir spilakortum. Töluðu þó ekki við HHÍ. Það var enginn áhugi á að taka upp spilakort.
- e. Sigurður Ingi spyr. Hvað er fjöldi spilafilka sem fer í meðferð og hver er endurkoman? Hvaða aldurshópur eru fíklarnir? Í hverju eru spilafíklarnir mest?
 - i. Einar svarar. Varðandi alkóhismann, Vogur er að taka á móti 2200 á ári, en um 1600 kennitölur.
 - ii. Páll segir að hann er ekki með allar tölurnar. Í heiminum er talað um að 2-4% séu með spilavanda, og 0,5% - 2% með spilafíkn. Fjöldi, það er verið að uppfæra þær tölur.
 - iii. Einar segir að það sé erfiðara að nálgast þennan hóp en fólk með áfengisvanda, skömmin er svo mikil. Í fyrra, sem er ár sem er kannski ekki hægt að taka mark á, voru 80 einstaklingar sem leituðu til okkar, en Einar gerir ráð fyrir að það sé bara brotabrot þeirra sem þurfa virkilega á þjónustu þeirra að halda.
- f. Isabel spyr. Afstaða þeirra samtaka sem standa að Íslandsspilum.

- i. Einar segir að SÁÁ tilkynntu um úrsögn í lok október 2020 og þau voru að skrifa undir í dag. Hann segir að hans upplifun á þeirra upplifun hafi verið að SÁÁ væru að svíkjast undan og væri að koma af stað umræðu sem væri óþægileg. Hvaðan kemur peningurinn, það er það óþægilega í þessu öllu. Ef háskólinn fengi sama pening fyrir að rækta tré myndi háskólinn rækta tré.

6. Hlé

Intermission

- a. Hlé tekið 18:40 - 18:45

7. Siðfræðistofnun Háskóla Íslands (Kynning og spurningar)

University of Iceland's Center for Ethics

- a. Henry Alexander Henrysson heimspekingur og stjórnarmaður Siðfræðistofnunar segir frá þeirra aðkomu síðustu mánuði. Sjá upptöku fyrir kynningu.

Tinna Alicia Kemp kemur inn á fundinn kl. 18:50

Sara Þöll Finnbogadóttir kemur inn á fundinn kl. 18:59

- b. Spurningar.
- c. Vífill spyr. Hann vill koma inn á það sem Henry sagði um skýrslu sem var skilað inn til rektors 1993, veistu af því hvort það sé verið að vinna að slíkri aftur eða í komandi framtíð?
 - i. Niðurstaða fundar okkar við rektorsskrifstofu var að búa til starfshóp. Akkúrat núna ekki hugmyndin að byrja á skýrslu. Kannski þurfum við að kalla til sérfræðinga til að búa til svipaða skýrslu.
 - ii. Vífill spyr hvort það væri að frumkvæði stofnunarinnar eða starfshópsins?
 - iii. Það yrði aldrei af frumkvæði Siðfræðistofnunar. Mikilvægt að ná að kjarna okkur innan Háskóla Íslands í umræðu um þessi mál.
- d. Brynhildur K spyr. Síðan 1993, hefur verið einhver svona almenn umræða innan Háskólans eða Siðfræðistofnunar? Hefur þetta bara legið í einhverjum kassa eða hefur verið einhver marktæk umræða?
 - i. Henry svarar að hann áttar sig ekki alveg á því. Hann heldur mjög lítil umræða. Notað lítið og lítið kynnt. Löngu komin tími á að þessi umræða fari fram.
- e. Sigurður Ingi spyr. Hagsmunirnir eru svo miklir fyrir HÍ, ef það mun lenda í sitt hvoru lagi, mun það fara gegn því það sem HÍ vill?
 - i. Henry segist ekki vita það. Hann vonar að það verði einhver sameiginleg sýn í þessum starfshópi.

8. Fjárhættuspil og fíkn (Kynning og spurningar)

Gambling and addiction

- a. Sunna Siggeirsdóttir MSc nemi í Addiction Studies/Fíknifræði fer yfir spilafíkn, ávinabindandi form fjárhættuspila, og áhrif hennar. Sjá upptöku fyrir kynningu.

Sara Þöll Finnbogadóttir fer af fundinum kl. 19:20

Anna María Björnsdóttir yfirgefur fundinn kl. 19:35

- a. Spurningar.
- b. Isabel spyr. Skildi ég rétt að það kemur helmingi minna inn af spilun á netinu en af kössum? Þú sagðir það í tengslum við að það væri áhugavert að það væri hægt að draga úr líkum á að fólk leiti í spilakassa með því að breyta lýsingu eða taka fyrir hljóðið á kössunum.
 - i. Jú það er hægt að breyta mörgum eiginleikum í kössunum til að draga úr hversu ávanabindandi þeir eru. Það var það sem var gert í Noregi, eiginleikar kassanna eru þannig að það er ekki eins ávanabindandi að nota þá. Aðgengi eykur yfirleitt líkur á hegðun. Flest allir hafa stöðugt aðgengi að því að spila fjárhættuspil á netinu, og miðað við upplýsingar frá kortafyrirtækjum eru Íslendingar að eyða 5 milljónum eða milljörðum, man ekki, annað hvort. Svo erum við með spilakassana, en þar erum við að sjá 9. Erum að sjá miklu hærri tölur sem fólk eyðir í spilakassa miðað við flóknara aðgengi.
 - ii. Isabel veltir fyrir sér að það er væntanlega af því að þessir spilakassar eru á þeim stöðum þar sem þeir eru aðgengilegir því fólk sem þjáist af þessari fíkn, þannig það fólk væntanlega leitar á þá staði, á meðan að við hér erum ekki að leita þangað því að við löðumst ekki að þessu. Þó svo að aðgengi sé betra á netinu, þá er samt að koma miklu minna fjármagn þar og þá fór ég að hugsa að þessir spilakassarnir séu á þessum stöðum og fólk með fíkn leitar þangað því það er þeim svo aðgengilegt.
 - iii. Sunna heldur að ef fólk er að spila fjárhættuspil á netinu þá býst hún við því að markaðssetningin þín á Facebook snúi að því að fá þig til að spila fjárhættuspil, kannski er Facebook með lokað fyrir það en ég held samt að það hljóti að vera að við verðum fyrir auglýsingum tengt því að við séum að spila á netinu, alltaf líka triggerar á netinu. Hún heldur að það sé bara ekki nógu spennandi.
- c. Lenya spyr. Veist þú hvað eru margir kúrsar kenndir í háskólanum um spilafíkn?
 - i. Sunna efast um að það sé einn áfangi kenndur. Það er einhver vímuefnakúrs í félagsráðgjöfinni, en Sunna sjálf fór erlendis í nám.
- d. Sigurður Ingi spyr. Kassarnir eru langvinsælastir, en er einhver aldurshópadreifing, eru þeir vinsælli hjá einhverjum aldurshópi en öðrum. Tekjuhópar, er einhver munur þar líka á spilamennsku? Kassarnir eru vinsælli en netspil, gæti það verið út af feluleik gagnvart heimilismönnum?
 - i. Sunna svarar. Hún veit ekki hvort það sé einhver séstakur aldurshópur sem leitar í spilakassa, en hún veit að spilafíkn er algengari meðal ungmenna.
 - ii. Með netspilin og feluleikinn, þá heldur hún klárlega að það spili inn í en það er líka hægt að fela það.
 - iii. Með tekjuhópa og tegund spila. Hún veit ekki alveg. Erlendis eru oft fleiri

spilakassar þar sem er meira af láglaunafólki. En hún veit ekki hvernig þetta er á Íslandi.

- e. Inga Huld Ármann spyr. Í Frakklandi eru færri spilakassar, er þá á móti líka minni heildar spilafíkn en annarsstaðar?
 - i. Sunna veit ekki alveg. Skoðaði ekki rannsókn um þetta, en þetta var lína í bók þar sem var verið að benda á þetta. Þar eru spilakassarnir bara inni í casinoum og casinoin eru bara á ferðamannastöðum.

Tinna Alicia Kemp fer af fundinum kl. 19:47

9. Samtök áhugafólks um spilafíkn (Kynning og spurningar)

Association of enthusiasts of gambling

- f. Alma Hafsteins, fíkní- og fjölskyldumarkþjálfari heldur erindi um spilafíkn, afleiðingar hennar og áhrif á einstaklinga og aðstandendur. Sjá upptöku fyrir kynningu.

Tinna Alicia Kemp kemur á fundinn kl. 19:50

- g. Spurningar.
- h. Ingibjörg Iða spyr út í þar sem að hún segir að spilakassarnir sem eru hérna séu eins og spilakassarnir í Las Vegas? Eru einhverjar takmarkanir sem við erum ekki með?
 - i. Alma segir að í Danmörku kostar hver leikur um 50 kr, vinningurinn er lægri. Hér getur þú lagt undir 300 kr. og leikurinn tekur ekki nema nokkrar sek. Komnir á autoplay og hann spilar bara sjálfkrafa.
- i. Eva Lilja Rúnarsdóttir spyr. Út af því að við erum að tala um skilyrðingar, af hverju Háskóli Íslands sé ekki löngu búinn að taka þetta til dagskrár? Hvenær fórstu að fá einhver viðbrögð?
 - i. Alma svarar að í rauninni byrja þau 2016. Þá leggst hún yfir leyfin, leyfi gefin út til HHÍ og Íslandsspila. Þetta þótti rosalega sniðug fjáröflunarleið. Þegar maður skoðar alla umræðu er rauður þráður að þetta eigi að vera litlar upphæðir frá mjög mörgum. Ef að HHÍ væri ekki með spilakassa, þá heldur hún að við værum að sjá allt aðra umræðu. Það kom út Kveikur 2018.
- j. Lenya Rún spyr. Hversu mikil áhrif heldur þú að það myndi hafa á spilafíkn yfir höfuð ef HHÍ myndi hætta rekstri sínum?
 - i. Alma svarar gríðarlega mikil áhrif. Fara ekki yfir á netið, við sáum það í covid. Væri geggjað ef Háskólinn gæti talað um spilafíkn án þess að skjóta sjálfan sig í fótinn.
- k. Erlingur spyr. Geri ráð fyrir að fíknivandi sé meiri hér en annarsstaðar á Norðurlöndunum, vildi vita hvort það væri rétt ályktað hjá mér. Svo vildi ég vita hvernig afrakstur aðgerða stjórnvalda á Norðurlöndunum væri.
 - i. Nú hef ég ekki rannsóknir, en það sem ég hef heyrt er að þegar spilakortin eru tekin upp dregst hagnaður saman, og það er ágætis vísbending. Með auknu aðgengi er meiri neysla á spilakössum. Þurfum að þróa varanleg meðferðarúræði fyrir spilafílka. Danir eru með 4-5 þar sem fólki er boðin

fría meðferð við spilafíkn. Draumurinn minn að vera með úrræði bara eins og er fyrir alkóhólisma. Eitt af því sem ég hef gagnrýnt er umræðan um netspilunina. Talað um það eins og tekjulind sem er ósnert. Spilakassarnir eru eina löglega fjárhættuspilið, netspilun er ólögleg.

- l. Sigurður Ingi spyr. Veistu hvað hlutfall kassanna vs. annarra spila. Hvar getur maður fundið öll þessi gögn?
 - i. Alma ætlar að senda linkinn inn á Alþingi. Erfitt að fá yfirlit yfir hver skiptingin er. Vísar í svar Bryndísar frá HHÍ.

Björgvin Viktor Færseth kom inn á fundinn kl. 20:22

Sunneva Sól Árnadóttir kom inn á fundinn kl. 20:23

- m. Haukur Friðriksson spyr. Með spilakortin, væru þau ekki líka sterkur grundvöllur fyrir frekar umræðu ef þau virka í raun til að minnka tekjurnar frá þessu?
 - i. Jú, vandinn er að menn vilja setja allt þarna undir. Þetta ætti að vera tiltölulega einfalt. Af hverju eru þau ekki komin? Einu tillögurnar sem hafa komið frá rekstraraðilum spilakassa er að hækka hvað má veðja á einn leik eða hækka vinninga. Það er engin reglugerð sem dregur úr aðgengi, eða er einhver útbút til að koma í veg fyrir að peningar séu að skila sér frá veikum einstaklingum.

Alma Hafsteins fór af fundinum kl. 20:30

10. Hlé

Intermission

- a. Hlé tekið 20:30 - 20:40

11. Tillaga um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

Proposal regarding the operation of slot machines by the University of Iceland

- a.

- T I L L A G A -

Um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

Lagt er til að SHÍ beiti þrýsting á stjórnendur háskólans um að hætta rekstri spilakassa á Íslandi og beiti sér fyrir því að finna aðrar leiðir til tekjuöflunar sem ala ekki á fíknivandamálum einstaklinga í samfélaginu.

Rökstuðningur

Til að setja þetta saman í samhengi er Happpdrætti Háskóla Íslands eigandi 500 spilakassa sem skilar 700 milljón krónum í hagnað á hverju ári. Þetta eru 700 milljón krónur sem fara vissulega í byggingar háskólans og tækjabúnað, en til að gera háskólanum kleift að fjármagna þessar byggingar þarf hann að ýta undir fíkn er kemur að spilakössum.

Spilakassar eru ekki nauðsynjavara í samfélaginu okkar og eru langstærsti hópur notenda þess spilafíklar. Í könnun Gallups sem gerð var fyrir SÁS kemur fram að 93,6% svaraenda hafi aldrei notað spila-kassa síðustu tólf mánuði. Einnig sýnir könnun Gallups sem gerð var í maí 2020 að 86% íslensku þjóðarinnar vill að spilakössum verði lokað til frambúðar. Þetta sýnir að lítill hópur fólks, sem gera má ráð fyrir að hluti af þessum hóps séu spilafíklar, haldi uppi starfseminni á spilakössum.

Mótrök HHÍ og stjórnenda háskólans við lokun spilakassa er að mestu leyti sú að það var ákvörðun Alþingis að fjármagna skuli byggingar háskólans, viðhald og tækjakaup með happdrættisfé og þar með er kastað sök á stjórnvöld. Fyrsta skrefið í lokun spilakassa væri að sýna að það er vilji meðal stúdenta til að finna aðra leið til að fjármagna byggingar háskólans sem ýtir ekki undir fíkn og í kjölfarið yrði umræðan tekin lengra.

Önnur mótrök sem HHÍ hefur notað gegn lokun spilakassa er að spilafíkn verður ekki leyst með því að loka spilakössum HHÍ, en þó bendir ekkert til að spilafíklar muni leita annað ef skyldi koma til lokunar spilakassa.

Stúdentaráð beitir sér að mestu leyti að starfsemi innan háskólans og það sem snertir háskólann snertir okkur. Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti.

Flutningsaðilar: Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði

Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku

Tinna Alicia Kemp, varafultrúi og forseti Vöku

- b. Um er að ræða tillögu sem kom inn á síðasta Stúdentaráðsfund, 10. mars, um að Stúdentaráð beitti þrýstingi á Háskóla Íslands um að hætta rekstri á spilakassa. Kosíð var einróma um að fresta afgreiðslu tillögunnar, halda auka fund með viðeigandi hagaðilum og hafa þannig sterkari grunn til að byggja skoðun á.
- c. Lenya segir að þetta sé mjög mikilvægt mál. Henni finnst að mikilvægt að Stúdentaráð taki afstöðu. Mikill vilji innan Háskólans, sem og pólitískur vilji. Hvetur Stúdentaráð til að hafa kynningarnar allar í huga og hversu stórt mál þetta raunverulega er.
- d. Isabel lagði fyrir hönd skrifstofu Stúdentaráðs breytingartillögu á tillöguna. Hún snýr að því að Stúdentaráð álykti um aðkomu HÍ að rekstri spilakassanna. Skrifstofa Stúdentaráðs myndi skrifa ályktunina, en Isabel segir æskilegt að gera það í samráði við tillögubera. Ályktunin yrði svo send í atkvæðagreiðslu. Tillagan er “Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands álykti um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Happdrætti Háskóla Íslands, á grundvelli þeirra upplýsinga sem ráðið hefur

aflað sér fyrirfram og á upplýsingafundi þessum. Þannig skuli ráðið halda áfram að beita sér fyrir því að háskólinn taki við sér í málinu og finni aðrar leiðir til fjármögnunar.” í stað “Lagt er til að SHÍ beiti þrýsting á stjórnendur háskólans um að hætta rekstri spilakassa á Íslandi og beiti sér fyrir því að finna aðrar leiðir til tekjuöflunar sem ala ekki á fíknivandamálum einstaklinga í samfélaginu.”

- e. Lenya spyr um útfærsluatriði rafrænnar atkvæðagreiðslu. Spyr einnig um orðalag breytingatillögunnar. Isabel svarar að þetta eigi ekki að vera opið til túlkunar. Næsta Stúdentaráð verður að samþykkja þetta áframhaldandi. Sér ekki fram á að það verði ekki gert.
- f. Isabel leggur fram bókun um breytingatillöguna.

- BÓKUN -

Líkt og undirrituð bókuðu á síðasta fundi Stúdentaráðs, 10. mars s.l., er hér um að ræða brýnt málefni sem mikilvægt er fyrir Stúdentaráð að taka fyrir. Var það mat Stúdentaráðsliða og skrifstofu að mál þetta krafðist faglegrar meðhöndlunar og vinnu af hálfu skrifstofunnar, að fordæmi verkferla sem Stúdentaráð hefur áður fylgt í stórum málum sem þessum.

Þessi upplýsingafundur er ráðinu til frekari fræðslu og þar með aukins skilnings á efninu sem veitir tækifæri á að fjalla með betri og upplýstari hætti um málið. Það er vegna þessa sem hér er lögð fram breytingartillaga er felur í sér að Stúdentaráð álykti um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa. Verði sú ályktun byggð á þeim mikilvægu og yfirgripsmiklum upplýsingum sem við höfum fengið á fundi þessum sem og vitneskju um nýskipaðan starfshóp rektors, með það að markmiði að ráðið haldi áfram að beita sér í málinu gagnvart skólastjórnendum sem og stjórnvöldum. Með þessu móti telja undirrituð að tilgangur upphaflegu tillögunnar haldist og að mið sé tekið af nýjustu vendingum í ferli málsins.

Ítreka verður að málið er mikilvægt og að skrifstofa Stúdentaráðs mun halda því til streitu eftir þennan fund, sem hefur verið okkur gríðarlega góður og nytsamlegur. Þá binda undirrituð miklar vonir við að nýtt Stúdentaráð hverfi ekki frá störfum í málinu.

Skrifstofa Stúdentaráðs Háskóla Íslands

- g. Ingbjörg Iða biður um orðið. Hún byrjar á að hrósa Lenyu og Inga fyrir tillöguna. Hún ber upp breytingartillögu um að Röskvuliðar og fleiri geti undirritað tillöguna ef

- þau vilja, til þess að auka stuðning við tillöguna.
- h. Lenya bregst við, hún þakkar stuðninginn. Hún er smá meyr. Falleg samstaða.
 - i. Atkvæðagreiðsla um breytingartillögu skrifstofu SHÍ og breytingartillögu Ingibjargar Iðu.
 - j. Breytingartillaga skrifstofu SHÍ samþykkt einróma.
 - k. Breytingartilla Ingibjargar Iðu samþykkt með 14 atkvæðum gegn 1.
 - l. Ingi leggur fram bókun.

- BÓKUN -

Til að byrja með langar mig að segja að ég fagna þessari gríðarlega mikilvægu og málefnalegu umræðu sem hefur skapast hér í dag og á síðasta Stúdentaráðsfundi 10. mars síðastliðinn. Ég vil einnig þakka Isabel og skrifstofu SHÍ fyrir skipulagningu fundarins í dag sem og öllum þeim hagaðilum sem komu hingað í dag og kynntu fyrir okkur ýmsar hliðar á þessu mjög svo flókna og viðkvæma máli.

Tekjuöflun Háskóla Íslands í gegnum spilakassa er kannski ekki hefðbundið hagsmunamál sem SHÍ berst fyrir frá degi til dags, en sem réttlætissinnaðir stúdentar sem berjast fyrir því sem er rétt, tel ég að það sé okkar hlutverk að sýna samfélagslega ábyrgð og taka afstöðu gegn fjármögnun starfsemis og bygginga Háskólans með þessum hætti og standa upp fyrir þeim aðilum sem eiga við spilafíknivandamál að stríða á grundvelli jafnréttis, virðingar og fagmennsku. Háskóli Íslands á að geta aflað sér fjár á siðferðislegan og ábyrgan hátt, án þess að valda ákveðnum hópi í samfélaginu skaða. Ég tel það muna vera mjög sterkt fyrir málstaðinn að nýlega skipaður starfshópur sem mun taka þetta mál til meðferðar hafi í höndunum umsögn frá SHÍ þar sem okkar afstaða kemur fram.

Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði

- m. Atkvæðagreiðsla um tillöguna í heild sinni. Tillagan er einróma samþykkt eins og hún stendur hér:

- TILLAGA -

Um rekstur spilakassa af hálfu Háskóla Íslands

Lagt er til að Stúdentaráð Háskóla Íslands álykti um aðkomu Háskóla Íslands að rekstri spilakassa í gegnum Happdrætti Háskóla Íslands, á grundvelli þeirra upplýsinga sem ráðið hefur aflað sér fyrirfram og á

upplýsingafundi þessum. Þannig skuli ráðið halda áfram að beita sér fyrir því að háskólinn taki við sér í málinu og finni aðrar leiðir til fjármögnunar.

Rökstuðningur

Til að setja þetta saman í samhengi er Happraætti Háskóla Íslands eigandi 500 spilakassa sem skilar 700 milljón krónum í hagnað á hverju ári. Þetta eru 700 milljón krónur sem fara vissulega í byggingar háskólans og tækjabúnað, en til að gera háskólanum kleift að fjármagna þessar byggingar þarf hann að ýta undir fikn er kemur að spilakössum.

Spilakassar eru ekki nauðsynjavara í samfélaginu okkar og eru langstærsti hópur notenda þess spilafiklar. Í könnun Gallups sem gerð var fyrir SÁS kemur fram að 93,6% svarenda hafi aldrei notað spilakassa síðustu tólf mánuði. Einnig sýnir könnun Gallups sem gerð var í maí 2020 að 86% íslensku þjóðarinnar vill að spilakössum verði lokað til frambúðar. Þetta sýnir að lítill hópur fólks, sem gera má ráð fyrir að hluti af þessum hóps séu spilafiklar, haldi uppi starfsemi á spilakössum.

Mótrök HHÍ og stjórnenda háskólans við lokun spilakassa er að mestu leyti sú að það var ákvörðun Alþingis að fjármagna skuli byggingar háskólans, viðhald og tækjakaup með happraættisfé og þar með er kastað sök á stjórnvöld. Fyrsta skrefið í lokun spilakassa væri að sýna að það er vilji meðal stúdenta til að finna aðra leið til að fjármagna byggingar háskólans sem ýtir ekki undir fikn og í kjölfarið yrði umræðan tekin lengra.

Önnur mótrök sem HHÍ hefur notað gegn lokun spilakassa er að spilafikn verður ekki leyst með því að loka spilakössum HHÍ, en þó bendir ekkert til að spilafiklar muni leita annað ef skyldi koma til lokunar spilakassa. Stúdentaráð beitir sér að mestu leyti að starfsemi innan háskólans og það sem snertir háskólann snertir okkur. Beiðni okkar er einfaldlega sú að Háskóli Íslands taki ekki þátt í rekstri spilakassa og fjármagni ekki byggingar sínar með þessum hætti.

*Flutningsaðilar: Ingi Pétursson, stúdentaráðsliði
Lenya Rún Taha Karim, oddviti Vöku
Tinna Alicia Kemp, varafulltrúi og forseti Vöku*

*Stuðningsaðilar:
Brynhildur Kristín Ásgeirsdóttir
Ingibjörg Iða Auðunardóttir*

Salóme Sirapat Friðriksdóttir
Herdís Hanna Yngvadóttir
Erna Lea Bergsteindóttir
Gabríela Sól Magnúsdóttir
Sóley Arna Friðriksdóttir
Haukur Friðriksson
Katla Ársælsdóttir
Ástráður Stefánsson
Vífill Harðarson
Isabel Alejandra Díaz
Guðný Ljósbrá Hreinsdóttir
Sara Þöll Finnbogadóttir
Hjördís Sveinsdóttir

12. Önnur mál

Other issues

- a. Engin önnur mál.

13. Fundi slitið

Meeting ends

- a. Fundi slitið kl. 21:17